

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F123/2022

Reykjavík, 10. nóvember 2022

Sigríður Björk Guðjónsdóttir  
Ríkislögreglustjóri  
Skúlagötu 21  
101 Reykjavík

Í frétttaflutningi síðustu daga hefur verið greint frá aðgerðum ríkislögreglustjóra aðfaranótt 3. nóvember sl. þar sem 15 umsækjendur um alþjóðlega vernd voru fluttir í lögreglufylgd til Grikklands.

Komið hefur fram að einn þeirra sem vísað var brott var fatlaður maður í hjólastól. Af frásögn fjölmiðla og myndskleiðum sem birst hafa af umræddu atviki verður ráðið að við flutninginn hafi hjólastóllinn verið tekinn af manninum og hann fluttur í lögreglubíl sem ekki mun hafa verið sérútbúinn með tilliti til þarfa hans. Í viðtali við Helga Valberg Jenson, yfirlögfræðing ríkislögreglustjóra, í kvöldfréttatíma RÚV 4. nóvember sl., kom fram varðandi þetta atvik að ljóst væri að skoða þyrfti það verklag sem þar var viðhaft. Þá kom fram í máli hans að „lögreglan ætti að eiga bifreið sem er útbúin fyrir hjólastól“. Ríkislögreglustjóri hefur jafnframt kynnt að unnið sé að greinargerð um framkvæmd brottvísunarinnar.

Eins og kunnugt er hefur umboðsmanni Alþingis verið falið að sinna svokölluðu OPCAT-eftirliti á grundvelli valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Meðal þess sem athuganir umboðsmanns Alþingis beinast að við eftirlitið er aðbúnaður frelsissviptra einstaklinga og þá hvort sá aðbúnaður sé í samræmi við lög og reglur um mannúð og mannvirðingu, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997.

Í ljósi framangreinds og þess sem fram hefur komið af hálfu embættis ríkislögreglustjóra í fjölmiðlum um nauðsyn þess að farið verði yfir verklag lögreglunnar umrætt sinn er þess óskað, með vísan til 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ríkislögreglustjóri upplýsi umboðsmann um hvort og þá hvaða ráðstafana gripið hafi verið til vegna þess.

Þess er óskað að svör og eftir atvikum gögn sem varpa ljósi á framangreind atriði berist ekki síðar en 29. nóvember nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Anna Rut Kristjánsdóttir*  
Anna Rut Kristjánsdóttir,  
skrifstofustjóri á sviði frumkvæðismála  
og OPCAT